

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra, á Skagaströnd,
miðvikudaginn 24. mars 2010**

Mætt voru: Guðrún Helgadóttir formaður, Adolf H. Berndsen, Bjarni K. Þórisson, Pétur Jónsson, Elín R. Líndal og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Úthlutun verkefnastyrkja

Fyrir fundinum lágu 84 umsóknir þar sem sótt var um tæpar 50 milljónir. Samþykkt var að veita styrki til 67 verkefna, alls að upphæð 15.250.000 kr.

2. Úthlutunarhátíð

Samþykkt að úthlutun verkefnastyrkja fari fram fimmtudaginn 22. apríl, kl. 17.00, að Gauksmýri, Húnaþingi vestra.

3. Drög að nýjum menningarsamningi

Fyrir fundinum lágu drög að nýjum menningarsamningi milli ríkisins og SSNV fyrir árið 2010. Stjórn SSNV hefur þegar samþykkt samningsdrögin. Menningarráð fagnar nýjum samningi og hvetur til undirritunar hans sem fyrst. Þá hvetur ráðið til þess að nú þegar hefjist undirbúningur að nýjum samningi sem taki við af þessum.

4. Ársreikningur Menningarráðs fyrir árið 2009

Fyrir fundinum lá endurskoðaður ársreikningur ráðsins fyrir árið 2009. Menningarráð staðfesti ársreikninginn með undirritun sinni.

5. Önnur mál

Lagt fram bréf frá Útgáfufélaginu Guðrúnu þar sem kynnt eru áform um að gefa út Safnabók um öll söfn, setur og sýningar á Íslandi í samstarfi við FÍSOS og Safnaráð. Í bréfinu er óskað eftir 150.000 kr. styrk til að gera kort af hverjum landshluta þar sem öll söfn svæðisins eru merkt inná.

Menningarráð frestaði afgreiðslu málsins

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
Ingibergur Guðmundsson

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.